

# FUNDARGERÐ FRÆÐSLURÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA.

**152. fundur fræðsluráðs Húnaþings vestra haldinn fimmtudaginn 7. ágúst 2014, kl. 15.00 í fundarsal Ráðhússins.**

## **Fundinn sátu:**

Magnús Magnússon, formaður, Guðfinna Kristín Ólafsdóttir, varaformaður, Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir, Valdimar Gunnlaugsson og Sigrún Waage.

## **Embættismenn:**

Esther Hermannsdóttir, sviðsstjóri fjölskyldusviðs

**Fundarritari:** Esther Hermannsdóttir

## Dagskrá:

1. Skipulag skólaaksturs og drög að reglum um skólaakstur.
2. Önnur mál.

## Afgreiðslur.

1. Sigurður Þór skólastjóri grunnskólans mætti á fundinn og kynnti drög að reglum um skólaakstur sem byggðarráð vísaði til umsagnar fræðsluráðs. Sigurður Þór vék að því loknu af fundi. Umræður um drögin. Fræðsluráð telur að í þeirri grein er varðar öryggi og búnað skólabifreiða þurfi að koma fram með skýrari hætti hver ber ábyrgð á því að láta foreldra/forráðamenn barna vita ef skólaakstur fellur niður vegna veðurs eða af öðrum ástæðum. Jafnframt telur ráðið mikilvægt að tryggt sé að sömu kröfur séu gerðar til varabifreiðastjóra og til aðalbifreiðastjóra varðandi ökuréttindi og annað sem talið er upp í grein um bifreiðastjóra. Lagt er til að bætt verði við síðustu setningu 1. mgr. 7. gr. um öryggi farþega, þannig að þar standi: Ekki skal skilja börnin ein eftir í vondum veðrum, hvort heldur sem er við skólalóð eða heimili. Fræðsluráð leggur til að bifreiðastjórar skrifi undir þagnarheit í samræmi við 7. gr. sé það ekki fyrir hendi nú þegar. Lagt er til að 2. mgr. 7. gr. verði: „Skólareglur, skv. 30. gr. laga nr. 91/2008 um grunnskóla, eiga við um framkomu og háttsemi í skólaakstri. Fara skal með brot á skólareglum skv. 14. gr. laga um grunnskóla.“ Um meðferð ágreiningsmála leggur fræðsluráð til að 1. mgr. 8. gr. verði „Telji foreldrar einhverju áfátt í fyrirkomulagi skólaaksturs eða að á rétti barns sé brotið getur það leitað leiðréttingar hjá skólastjóra, sviðsstjóra og/eða fræðsluráði.“

Fleira ekki tekið fyrir

Fundargerð upplesin og samþykkt.

---

Magnús Magnússon

---

Guðfinna Kristín Ólafsdóttir

---

Valdimar Gunnlaugsson

Fundi slitið kl: 17:00

---

Ingibjörg Rósa Auðunsdóttir

---

Sigrún Waage

---

Esther Hermansdóttir